

Alþingi
Erindi nr. P 130/753
komudagur 16.1.2004

Umhverfisnefnd Alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir, formaður
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2004

Varðar: Umsagnir um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, matsferli, málskotsréttur o.fl., og skipulags- og byggingarlög, 302. mál, úrskurðarnefnd, framkvæmdaleyfi.

Arkitektafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, matsferli, málskotsréttur o.fl., og skipulags- og byggingarlög, 302. mál, úrskurðarnefnd, framkvæmdaleyfi. Laganefnd Arkitektafélagsins hefur kynnt sér drögin og fjallað um þau í samráði við stjórn AÍ. Hér með fylgir umsögn laganefndar Arkitektafélags Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Arkitektafélags Íslands


Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Umsögn Laganefndar Arkitektafélags Íslands:

Í öllum grundvallaratriðum má segja að ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum svo og frumvarp til breytinga á þeim falli undir markmið skipulags- og byggingarlaga eins og þau eru sett fram í 1. gr. þeirra laga. Í því ljósi er það mat laganefndar að skipulags- og byggingarlög verði endurskoðuð í heild sinni og ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum felld þar inn.

Skipulags-og byggingarlög, 302. mál.

Í 1. gr. er kveðið á um sérstaka eftirlitsnefnd með að skilyrðum um framkvæmd sé framfylgt. Æskilegt væri að sjá þar ákvæði um hæfi nefndarmanna svo og um úrræði sem slík nefnd hefur.

Í 2. gr. er kveðið á um úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og hvernig hún skuli skipuð. Þar segir m.a. að Hæstiréttur skipi þrjú menn þar sem einn þeirra skuli hafa háskólapróf í verkfræði, annar í lögfræði og sá þriðji í náttúruvísindum.

Laganefnd að telur rétt að hafa þar arkitekt og nefna hann þar fyrst til sögu. Arkitektar hafa sérmenntun til þeirra starfa að vera aðalhönnuðir mannvirkja og skipulags og er það þeirra aðalstarfsvettvangur. Þar sem nefndinni er ætlað að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál er rétt að þar sitji fulltrúi sem hefur sérmenntun og reynslu á því sviði. Ekki fæst séð að úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál án arkitekts hafi þá yfirsýn sem þarf fyrir þennan málaflokk.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál.

Í 1. gr. lagnanna þar sem markmið þeirra er sett segir m.a.:

.....b. að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar,

Laganefnd að telur það orka mjög tvímælis að binda ofangreint atriði á svo afgerandi hátt í lög. Ekki er sjálfgefið að öll umhverfisáhrif framkvæmda séu neikvæð. Má þar nefna þegar menn græða upp sviðna sanda, spyrna við eðlilegu niðurbroti lands með sjóvarnargörðum eða hefta ár í að flæða óheftar yfir ræktuð lönd.

Virðingarfyllst,

09. 01. 2004

Laganefnd Arkitektafélags Íslands